

Ed. 143. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Síðasti málslíður 3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Félög fastlaunaðra opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljast ekki til verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við kjarasamninga atvinnurekenda við skrifstofu- og verzlunar-fólk, sem gerðir voru hinn 9. marz 1966, lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún mundi beita sér fyrir því, að verzlunar- og skrifstofufólk öðlaðist aðild að atvinnuleysistryggingum frá og með 1. jan. 1967 með sama rétti og aðrir þeir hafa, sem nú eru aðilar að þeim. Breyting sú, sem hér um ræðir, er aðeins í því fólgin, að félög skrifstofufólks og afgreiðslufólks í verzlunum skuli teljast til verkalýðsfélaga skv. lögnum um atvinnuleysistryggingar, en þar af leiðir að lögin taka til þessara félaga eins og annarra verkalýðsfélaga.